

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2007

4. tbl. 14. árg.



- Viðtalið
bls. 4

- bls. 8
Hvaða bók/bækur
ertu að lesa?

Neglt fyrir glugga í Efra Breiðholti

Við Drafnarfell og Eddufell í Efra Breiðholti standa verslunarhús auð og sumstaðar er neglt fyrir glugga. Verslanir og önnur þjónustufyrirtæki hafa hætt starfsemi eða flutt hana á brott að hluta til verður tilkomu stærri verslunarmiðstöðva.

Ekki er lengur hægt að leigja eignirnar út vegna þess að þær henta ekki fyrir þá starfsemi sem áður var. Til hægri handar við verslunarhverfið er stóra Æsu- og Asparfellsblokkin en blokkarlengjan við Fannarfell, Gyðufell og löufell á vinstri hönd. Verulegar endurbætur hafa verið unnar á þessum blokkarbyggingum á undanförunum árum auk þess sem Félagsbústaðir hafa selt margar íbúðir í því skini að dreifa félagslegum íbúðum meira um borgina. Í viðtali við Guðmund H. Guðmundsson, bakarameistara í Húsi bakarans og birt er hér í blaðinu er þeirri hugmynd varpað fram að vinna þurfi nýtt deiliskipulag fyrir þetta svæði með íbúðabyggingar og nokkurt þjónusturými í huga. Nýtingarhlutfall núverandi



Ónotað verslunarhúsnaði í Fellahverfi í Breiðholti.

deiliskipulags muni ekki nægjanlegt til þess að vekja áhuga byggingaraðila og fjárfesta. Guðmundur segir að í raun þyrfti að rífa þetta hverfi og byggja upp frá grunni með breyttar þarfir þjónustuaðila og íbúa að leiðarljósi.

Verslanamiðstöðin við Drafnarfell og Eddufell þjónar augljóslega ekki lengur þeim tilgangi sem henni var ætlaður í upphafi og í viðtali lýsir einn af frumkvöðlum hennar eftir breyttu skipulagi og bættri nýtingu þessa svæðis.

Lyfjaval

A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga

Verður Jakinn reistur í Breiðholti?

Hugmyndir eru um að láta reisa styttu af Guðmundu J. Guðmundssyni, fyrrum formanni Dagsbrúar eða Guðmundi Jaka eins og hann var jafnan nefndur í daglegu tali í Breiðholti. Það er Samfylkingarfélagið í Breiðholti sem stendur að baki þessari hugmynd en Guðmundur J. var einn þeirra manna sem hafi mikil áhrif á þær húsnæðisbætur í Reykjavík sem fólust í byggingu Breiðholtsins. Þá var hann einn af fyrstu íbúum hverfisins og bjó þar lengi.

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

♥ Apótekið
lægra verð

Grafarvogli • Hólagarði • Hagkaup Skeifunní • Hagkaup Akureyrri

Glæsilegt kjötborð

Páskalamb af nýslátruðu

Grillkjötið og páskasteikin veljið sjálf úr kjötborði

Emmess Skafis 33 % meira 599 kr. 2 lítrar

Fersk jarðarber 198 kr. askjan



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788



gæði
úrval
þjónusta

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins

Dreifing: Íslandspóstur

4. tbl. 14. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti



Drafnarfell og Eddufell

Verslunarhúsin við Drafnarfell og Eddufell í Efra Breiðholti hafa átt glæstari tíð. Þetta svæði var skipulagt til verslunar og þjónustu fyrir Fellahverfið. Á þeim tíma voru aðrir verslunarhættir en nú. Hverfaverslanir voru algengar og lág-vöruverslanir, stórmarkaðir og verslanamiðstöðvar voru ekki til. Fólk sótti ýmsa þjónustu í mun meira mæli innan síns hverfis en síðar hefur orðið. Smám saman dróg úr þörf fyrir þetta verslunarsvæði og eigendur fyrirtækja fluttu rekstur sinn á brott eða hættu honum. Með tilkomu heimabankans og netviðskipta í bankaþjónustu fækkuðu bankarnir útibúum og bankaútibúið við Eddufell var sameinað útibúi í Mjódd. Nú er svo komið að umtalsverður hluti verslunar- og þjónustuhúsnæðisins stendur autt og gefur ekkert af sér á sama tíma og eigendur þess þurfa að greiða af því fasteigaskatt til Reykjavíkurborgar. Á vegum borgarinnar hefur enn sem komið er lítið verið gert til þess að bregðast við þessum breytingum og þeim vanda sem þá eru farnar að skapa. Guðmundur H. Guðmundsson, bakara-meistari, sem starfað hefur á þessu svæði frá því það var byggt, varpar fram athyglisverðri hugmynd í viðtali hér í blaðinu. Hann telur að breyta þurfi nýtingu þessa svæðis. Vinna þurfi nýtt deiliskipulag þar sem áhersla verði lögð á íbúðabyggð með nægjanlegu nýtingarhlutfalli til þess að byggingaraðilar og fjárfestar sjái sér hag í að ráðast í nýbyggingar. Eldri byggingar verði að víkja enda séu takmörkuð not fyrir þær eins og dæmin sýna. Innan nýs skipulag geti rúmast möguleikar á takmarkaðri þjónustubygð í tengslum við íbúðabyggingarnar, t.d. á jarðhæðum einhverra þeirra til þess að unnt verði að reka lágmarksþjónustu í hverfinu. Hugmynd Guðmundar er athyglisverð. Verði henni komið í framkvæmd gæti risið aðlaðandi svæði þar sem yfirgefin og augnstungin atvinnuhús er nú að finna inni í miðri íbúðabyggð.

Gleymaska stjórnmálamanna

Komandi alþingiskosningar virðast að einhverju leyti ætla að snúast um velferðarmál. Spurning er um hvort um er að ræða þá velferð sem almennt hefur vaxið á undanförnum árum eða hvort fremur er um að ræða þá hópa sem ekki hafa notið hennar sem skyldi og er þá einkum átt við eldri borgara, öryrkja og aðra sem standa kunna höllum fæti í atvinnulífinu. Er fólk að hugsa um þá almennu velferð sem myndast af öflugu atvinnulífi eða á það fremur við þá velferð sem hinu opinbera; ríki og sveitarfélögum ber að sjá til að allir njóti burtséð frá tækifærum á vinnumarkaði. Þegar væntanlegir kjósendur svara “velferðarmál” þegar þeir eru spurðir um hver kosningamálin verði í skoðanakönnunum skiptir máli við hvað þeir eiga. Hvort þeir eiga við atvinnulífið almennt og þann hag sem landsmann hafa af eflingu þess eða hvort þeir meina þá afmörkuðu hópa er stuðnings þurfi á hverjum tíma. Tæpast verður efast um þann þrótt sem býr í atvinnulífinu um þessar mundir og þá velferð sem hann skapar og fólk á hugsanlega við þegar það svarar “velferðarmálin” þegar könnunaraðila hringja. Aðrir kunna fremur að huga að vanda aldraðra, öryrkja og annarra sem nauðsynlegt þurfa á betri kjörum að halda. Samfélag velferðar af völdum atvinnulífs hefur efni á að búa vel að þessu f þótt stjórnmálamenn hafi gleymt sér að einhverju leyti þegar það er annars vegar. Ef til vill er þessi gleymaska stjórnmálamanna megin ástæða þess hversu margir nefna velferðarmál þegar þeir eru inntir eftir því hver verði helstu kosningamálin.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Átta konur við sorphirðu

Átta konur starfa nú hjá Sorphirðu Reykjavíkur. Aldrei fyrr hafa svo margar konur starfað að sorphirðu að vetri til. Tvær til þrjár fastráðnar konur hafa starfað að sorphirðunni yfir veturinn á undanförnum árum en eins og sjá má hefur þeim fjölgað verulega. Mikil ásókn hefur verið í afleysingavinnu við sorphirðuna á sumrin og reynt hefur verið að auka hlut kvenna í starfi og hafa allt að 10 til 12 konur starfað þar yfir sumartímann. Um 60 starfsmenn vinna að jafnaði við sorphirðu hjá Reykjavíkurborg. Sigriður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Sorphirðunnar segir konur farnar sækja meira en áður í þetta starf sem geti verið erfitt einkum að vetrinum þegar tíð sé slæm og ófærð mikil.

Rætt um málefni heimilislausra

Málefni heimilislausra voru til umfjöllunar á sérstöku málþingi fyrir skömmu. Á undanförnum misserum hafa þessi mál verið til umfjöllunar hjá mörgum stofnunum sem láta sig málið varða og einnig hafa fjölmiðlar í auknum mæli kynnt stöðu þessa fólks. Þeir sem stöðu að málþinginu hafa allir komið að málefnum heimilislausra á einn eða annan hátt og ákváðu í framhaldi af því að vinna saman að því að byggja upp samstarf allra sem starfa að málefnum heimilislausra. Til þess að það megi verða er nauðsynlegt að kortlögð verði sú þjónusta

og úrræði sem fyrir hendi eru. Að málþinginu stóðu þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Hjálparstarf kirkjunnar, Samhjálp og Reykjavíkarsvæðisins og Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn stýrðu málþinginu en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri setti samkomuna. Fjöldi erinda var fluttur á málþinginu en þar var boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem kynnt var þjónusta og úrræði fyrir heimilislausra, hugleiðingar um stöðu heimilislausra í samfélaginu, framtíðarsýn, staða heimilislausra út frá læknisfræðilegu sjónarhorni.

Höfuðborgarstofa tilnefnd

Höfuðborgarstofa er á meðal fimm markaðsskrifstofa, sem tilnefndar eru til verðlaunanna Evrópsk markaðsskrifstofa ársins í ár en verðlaunin eru veitt af markaðssamtökum evrópskra borga Markaðsskrifstofurnar sem eru tilnefndar ásamt Höfuðborgarstofu í Reykjavík, eru í Kaupmannahöfn, Gautaborg, Liverpool og Valencia. Tilgangur verðlaunaveitingarinnar er að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur og fagmennsku meðal evrópskra borga og markaðsskrifstofa þeirra. Verðlaunaafhendingin fyrir bestu ferðamannaborgina fer fram í fyrsta skipti í ár, þann 13. júní í Apenu og kemur þá í ljós hvort Höfuðborgarstofa muni hljóta titilinn evrópsk markaðsskrifstofa ársins.

Ánægja með skóla- hljómsveitir

Mikil ánægja er meðal forráðamanna barna með skólahljómsveitirnar í Reykjavík. Þetta kemur fram í niðurstöðum úr viðhorfsskönnun meðal forráðamanna, sem gerð var á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Niðurstöðurnar sýna að níu af hverjum tíu voru ánægðir með einkakennslu sem börn þeirra fengu og töldu að barni þeirra liði vel í tónlistarnáminu. Um 80% forráðamanna voru ánægð með hljómsveitaræfingarnar. Í könnunin kom einnig fram að meira en helmingur nemenda æfi sig í 1 til 2 klukkustundir á viku og að um 70% forráðamanna barna á aldrinum 7 til 10 ára aðstoði börnin við æfingar.

Rafrænu skilríkin komin

Notendur vefs Reykjavíkurborgar geta nú skráð sig inn í Rafræna Reykjavík með öruggum og auðveldum hætti með nýjum rafrænum skilríkjum. Reykjavíkurborg er meðal þeirra fyrstu á landinu til að taka í notkun hin nýju rafrænu skilríkin, sem eru í formi debetkorts með innbyggðum örgjörva. Rafrænu skilríkin voru kynnt á stórsýningunni Tækni og vit 2007 sem nýlega fór fram og hlutu þau verðlaun á sýningunni sem áhugaverðasta vara eða þjónusta sýningarinnar. Rafrænu skilríkin eru samstarfsverkefni ríkis, banka og sparisjóða. en stefnt er að því að nýjum debetkortum verði dreift til almennings í haust. Nánari upplýsingar um skilríkin má nálgast á heimasíðunni reykjavik.is

ÍSLANDSHREYFINGIN

lifandi land



slóðin er www.islandshreyfingin.is

SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASELI 6 • EFRA BREIÐHOLTI (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700
Fax 587 4712





Bikarmeistarar 2007



Til hamingju með bikarinn ÍR-ingar!

Í ár fagna ÍR-ingar aldarafmæli félagsins og bikarmeistaratitill meistaraflokks karla í körfuknattleik var kærkomin afmælisgjöf.

SPRON, styrktaraðili körfuknattleiksdeildar ÍR, óskar Breiðhylltingum til hamingju með 100 ára afmæli ÍR og sigursælt körfuknattleikslíð.



V I Ð T A L I Ð

Skemmtilegu málin eru miklu fleiri

Guðrún Björk Freysteinsdóttir, verkefnisstjóri í Hólmaseli, er Breiðhyllingur í húð og hár. Hún ólst upp í Hólahverfinu og býr enn á æskulóðum sínum. Hún segist hafa farið aðeins yfir lækinn á daginn þegar hún lauk framhaldsskóla frá Borgarholtsskóla eftir að hafa tekið fyrri hluta námsins í FB. “Svo vinn ég í Seljahverfinu þannig að Breiðholtíð er hverfið mitt áfram þótt ég flakki á milli pósnúmera þegar ég fer á milli heimilis og vinnu.”

Lögfræðin átti ekki við mig

“Ég byrjaði skólagönguna í Hólabrekkuskóla og þaðan lá leiðin í FB en ég skipti síðan á námstímanum og fór yfir í Borgarholtsskóla. Ég kunni ekki illa við mig í FB en mig langaði bara að prufa eitthvað annað. Kynnast nýju fólki. Borgarholtsskólinn var þá alveg nýr með nýjum brautum og þetta var spennandi umhverfi. Nei - ég fór ekki í bifvélavirkjunina,” segir Guðrún Björk en um það leyti var verið að koma á fót framhaldsbraut í því fagi við skólann. “Ég var á félagsfræðibraut en það fóru nokkrar stelpur í bifvélavirkjunina þótt strákarnir hafi verið fleiri sem gripu þetta tækifæri. Þetta var svolítið tískubylgja ef satt skal segja þarna í Borgarholtskólanum enda um algera nýjung að ræða í hefðbundnum framhaldsskóla. Ég hef þó trúlega verið of stáplil til þess að ánétjast af bíladdellunni og leggja hana fyrir mig í námi eða starfi.” Guðrún kveðst ekki vita hvort einhverjar af þessum stelpum starfi við bifvélavirkjun eða tengt bílum í dag en það sé alls ekki ótrúlegt. Jafnréttið hafi komið við þetta svið eins og önnur og stelpur farnar að vinna að ýmsu sem talin voru strákastörf hér áður fyrr. Svo héltu áfram námi? Svo lá leiðin í kennaranám við Kennaraháskólann. Mér féll strax vel við kennaranámið enda er það byggt á miklu vali og er fjölbreytt frá fyrsta degi.

Skemmtilegu málin eru miklu fleiri

Guðrún Björk segist alltaf hafa kunnað vel við sig í Breiðholtinu og ekki hafa hugsað um að flytjast burt. “Ég er ekki haldin söknuði eftir miðborgarlífinu enda aldrei prufað það. Hér í Breiðholtinu er stutt í flest en þó mættu vera fleiri staðir þar sem fólk getur hist. Það mættu vera fleiri matsölustaðir og kaffihús vegna þess að þann þátt vantar eiginlega alveg í þetta stóra hverfi. Fólk tekur kannski ekki eftir þessu. Breiðhyllingar eru líklega svo vanir að fara niður í bæ ef þá langar að fá sér að borða eða í kaffi og spjall eða þá að skreppa á kráarölt að kvöldinu. Þeir velta þessu ekkert fyrir sér. Maður veit auðvitað aldrei hvar maður verður um alla framtíð,” heldur Guðrún Björk áfram “en ég vinn hér og þetta er afskaplega þægilegt eins og það er. Ég vinn reyndar í öðrum hverfi-

ishluta og það hefur sína kosti að vera ekki með vinnuna alveg við dyrnar heima hjá sér. Ég starfa líka með unglingum og það koma ýmis mál upp í því starfi bæði skemmtileg og líka mál sem geta verið erfið og reynt á mann að takast á við og þá er gott að það tengist ekki fólkinu í næsta húsi en sem betur fer eru skemmtilegu málin fleiri.”

HM og enski boltinn

Guðrún Björk tók við starfi verkefnisstjóra í Hólmaseli fyrir tveimur árum þá nýkomin frá námi. Hún segist hafa haft meiri áhuga á unglingastarfinu en að fara beint út í kennslu. “Það má alltaf prufa hana síðar.” En hvernig er að starfa við æskulýðsmiðstöð eins og Hólmasel. Um hvað snýst starfið. Hvert er í raun hlutverk hennar? “Hlutverkíð er að annast um tómsundastarf fyrir börn og unglinga í hverfinu og um það snýst starfið. Þetta miðast við fimmta bekk grunnskólans og upp úr en þó einkum unglingadeildina frá 13 til 16 ára þar sem mest áhersla er lögð á þann aldursþóp. Við erum með sérstakt starf fyrir 12 ára krakkana á föstudögum en opið hús fyrir unglingana alla daga frá kl. 14.00 til 17.00, einnig er opið þrjú kvöld í viku frá 19:30-22 nema á föstudögum er opið til 23:00.” Guðrún Björk segir að dagopnun virki mjög vel og nánast alltaf full hús hjá þeim. “Við höfum þetta svona hæfilega frjálstlegt fyrir þau. Erum ekki með fasta dagskrá en þau geta gengið að ákveðnum hlutum vísu á dagopnun. Við reynum að spila þetta svolítið eftir eyranu og finna út hvað þau vilja gera. Við vorum með útsendingar á meðan HM í handbolta stóð yfir og við erum aðeins að gera tilraunir með enska boltann. Þetta er nýjung í starfinu sem er að koma til. Áhugi unglinganna fer vaxandi og nú eru bæði strákar og stelpur að koma og horfa á boltann þannig að ég geri ráð fyrir að við munum auka þetta í framtíðinni.”

Krakkarnir leita mikið til okkar

Þetta leiðir hugann að því hvort þörfin fyrir tómsundastarf eins og Hólmasel og önnur tómsundaheimili eru að annast aukist stöðugt. Foreldrar vinna meira og minna er um að krakkarnir komi að einhverjum heima þegar skólanum lýkur á daginn. “Mér finnst ég finna breytingu frá minni kynslóð þótt það séu ekki ýkja mörg ár síðan ég var á þessum aldri. Ég ólst upp hjá afa mínum og ömmu og naut e.t.v. meira heimilislífs af þeim sökum en ýmsir aðrir. Ég er kannski ekki fyllilega dómbær að því leyti en ég finn þó vel fyrir þessu. Mér finnst stundum eins og sumir krakkarnir vilji hreinlega búa hjá okkur. Vinahóparnir eru oft stórir og krakkana vantar staði til þess að vera á þegar þau hafa ekki að neinum að hverfa heima. Ég held að ef félags- og tómsundastarfsins nyti ekki við myndu krakkarnir bara finna sér einhverja staði til



Guðrún Björn Freysteinsdóttir, verkefnisstjóri ÍTR í Hólmaseli.

þess að hanga á án þess að hafa neitt sérstakt markmið með því annað en að vera saman.” Guðrún Björk segir krakkana gjarnan leita til starfsfólks félagsmiðstöðvanna með ýmis mál sem þau vilji ræða. Stundum sé um almenn mál að ræða en þau komi einnig til þeirra með einkamál. “Við hlustum á þau og ræðum við þau um það sem þau vilja ræða og reynum að leiðbeina þeim eftir bestu getu. Þau sýna okkur oft mikinn trúnað og tjá bæði gleðitíðindi og ræða einnig það sem veldur þeim vanda. Við bregðum okkur því oft í hlutverk pabba og mömmu svona þegar þess gerist þörf og það hentar.” Guðrún Björk segir að börn upplifi ýmsa hluti oft með öðrum hætti en fullorðnir. Þau geta upplifað sig sem fórnarlömb vegna aðstæðna sem okkur hinum þykja alveg eðlilegar og sjálfssagðar. “Þá reynum við að gera þeim grein fyrir raunveruleikanum þannig að þau skilji aðstæðurnar og af hverju þær eru svona en ekki einhvernvegin öðruvísi. Þau eru misjafnlega þroskuð til þess að takast á við hið daglega líf jafnvel þótt ekkert óvænt eða alvarlegt komi upp á.

Stelpuklúbbur og blogg

Nokkrir klúbbar eru starfandi á vegum Hólmasels. Þar á meðal er stór stelpuklúbbur og þær halda m.a. úti bloggsíðu þar sem þær kjósa um hvað þær vilja gera. “Við í Hólmaseli höldum utan um klúbbinn og starf hans en þær stýra því annars sjálfar. Stelpurnar eru ótrúlega uppfindningasamar og sem dæmi um áhugamál þeirra get ég nefnt bíóferðir og dekur og að hugsa vel um húðina. Svo hittast þær mikið bara til þess að spjalla. Strákarnir eru búnir að uppgötva hvað þær eru að gera og nú vilja þeir koma einhverju svipuðu á fót hjá sér.” Guðrún Björk segir þessa krakka á þeim aldri að félagsstarfið sé nokkuð kyngreint. Stelpurnar eru líka með dansklúbb en strákar á þessum aldri eru ekki eins áhugasamir um dansinn og þær dansa þá bara hverjar við aðrar. Þeir séu meira í þjónustuhlutverkinu. Passa upp á salinn. Sjá um að allt sé í lagi og að stilla græjurnar fyrir þær og annast tónlistina. “Þeir eru feimnari við að dansa einkum eftir að komið sé upp í sjöunda til áttunda bekk. Þá er eins og þeir hverfi inn


eitthvað með það að gera að fólk sé almennlegra eða opnara úti á landi. Kannski er ekki eins mikið stress í fámennari byggðunum út um landið eða Siglfirðingar bara gestrisnari en gengur og gerist. Þetta var alla vega upplifun krakkanna sjálfra af ferðinni. Reyndar var starfsmaður frá okkur með þeim sem er ættaður frá Siglfirði og þekkir vel til í bænum. Því má vera að þau hafi fengið meiri innanbæjarupplifun í ferðinni í gegnum hann og þau tengsl sem hann hefur en annars hefði orðið. Nokkuð var líka um að þau spyrðu hvort þau mættu taka tölvurnar með sér norður og hvort væri “hot spot” á Siglfirði svo þau kæmust á Netið.”

Fartölvueign að aukast

“Ég gæti trúað að fartölvur séu stöðugt að verða algengari sem feringargjafir. En þetta er líka eitthvað skipt eftir hverfum vegna þess að við vorum að ræða þetta á milli okkar sem störfum í efra Breiðholtinu og í Hólmaseli og þau könnuðust tæpast við að fá spurningar um tölvur frá krökkunum á borð við þær sem við fengum fyrir Siglfjarðarferðina. Þetta getur tengst aðstöðu og efnahag foreldranna og einnig smitað út frá sér innan skólanna og vinahópanna án þess að ég vilji fara frekar út í samanburð af því tagi.” Guðrún Björk segir nokkuð um að krakkarnir komi með tölvurnar sínar í félagsmiðstöðina, tengi sig saman og spili tölvuleiki. Þetta er ákveðinn hópur sem er mest í þessu. Við höfum verið með mót þar sem krakka koma með tölvurnar sínar, tengja sig saman og spila tölvuleiki. Þegar við höldum fyrsta mótið af þessu tagi fyrir um tveimur árum þá var áhuginn takmarkaður. Við máttum eiginlega pína krakkana í þetta og fengum 14 til þess að taka þátt. Á síðasta móti sem við höldum í janúar á þessu áru voru um 40 þátttakendur sem sýnir að tölvuáhugi og tölvueign fer vaxandi á meðal krakkana. Þau fara fyrr af stað og mörg þeirra eru komin langt á þessari braut í sjöunda og áttunda bekk. Krökkum er löngu hætt að bregða við tölvum og tölvunotkun. Þau alast orðið upp við þetta frá unga aldri og flest læra að umgangast tölvurnar á réttan hátt þótt stundum séu að koma upp mál þar sem þau hafa ánétjast þeim um of. Ég geri því ráð fyrir að tölvan eigi eftir að skipa stærri sess í félagsstarfi barna og unglinga í framtíðinni,” segir Guðrún Björk Freysteinsdóttir, verkefnastjóri í Hólmaseli.

Endar númerið á bílnum þínum á 1 - 2 eða 3?

Ef svo er þá bjargar Aðalskoðun málunum fyrir þig.



Aðalskoðun hf.

Bifreiðaskoðunin þín
Hjallahrauni 4 Hafnarfirði • Skemmuvegi 6 Kópavogur
Sóltúni 3 Reykjavík • S. 5906900

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Páni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Rífa verður húsin og byggja upp að nýju

Verslunarhúsin við Drafnafell og Eddufell gegnt Fellaskóla í Efra Breiðholti standa að stórum hluta auð. Þegar hverfið var skipulagt var gert ráð fyrir lítilli verslanamiðstöð við þessar götur. Í nágrenninu eru stór fjölbýlishús og hugsunin að baki skipulaginu var sú að mynda þjónustukjarna fyrir nærliggjandi byggð. Margvísleg verslana- og þjónustustarfsemi var í þessu hverfi um árabil en síðan fór að draga úr henni. Forráðamenn þjónustufyrirtækja tóku að flytja þau burt eða að hætta starfsemi. Nú eru aðeins nokkur þjónustufyrirtæki starfrækt við Drafnarfell og Eddufell en stærstur hluti húsanna auður og ónotaður.

Tómt og neglt fyrir glugga

Stærsta ónotaða húsnæðið hýsti verslun KRON við Eddufell á sínum tíma en eins og kunnugt er hætti KRON verslunarekstri fyrir nokkrum árum. Húsið mun losa um 1200 fermetra til samans á tveimur hæðum. Engin starfsemi er þar önnur en eitthvert pláss er leigt út til geymslu fyrir hjólhýsi á jarðhæðinni. Neglt er fyrir glugga sem mun að sögn Guðmundar H. Guðmundssonar, bakarameistara í Húsi bakarans hafi verið gert til þess að verja glerrúður fyrir óþrúttum vegfarendum sem gjarnan sækja í að vinna skemmdarverk á eignum sem ekki eru í notkun. Þetta húsnæði er í eigu eins aðila sem festi kaup á því til þess að stunda leigustarfsemi. Vart þarf að taka fram að hann hefur mjög litlar tekjur af því en all nokkurn kostnað, m.a. í formi

fasteignagjalda til Reykjavíkurborgar. Húsið fyrir framan KRON húsið er einnig að stórum hluta tomt. Verslun er í öðrum enda þess en vídeóleigu og grilli hefur verið lokað. Á baklóð stendur annað hús, sem er í eigu sex aðila en allri starfsemi hefur verið hætt eða hún flutt á aðra staði. Hluti þess húss er nú nýttur sem vistarverur fyrir fólk þótt hlutverk þess hafi verið og sé allt annað.

Íbúðahverfi með þjónusturýmum

Guðmundur H. Guðmundsson, bakarmeistari segir að fyrir um fimm árum hafi nýtt deiliskipulag verið unnið fyrir svæðið þar sem gert hafi verið ráð fyrir ýmsum breytingum, einkum að auka hlutfall íbúðarhúsnæðis og nýta þetta svæði þannig betur en nú er gert. Guðmundur hefur starfað þarna allt frá byggingu Fellahverfisins. Fyrst að rekstri Breiðholtsbakarís, sem hann opnaði þegar hverfið var enn í byggingu og rak þar til á síðasta ári að hann seldi bakaríið en stofnaði í staðin lítið bakarí og kaffihús sem hann rekur nú. Hann segir að frá þeim tíma að deiliskipulagið hafi verið unnið hafi ekkert gerst. Einhverjir byggingaraðilar muni hafa skoðað þetta svæði en trúlega sé nýtingarhlutfallið í deiliskipulaginu of lítið til þess að hagkvæmt geti talist að ráðast í framkvæmdir á grundvelli þess. “Mín skoðun er sú að þetta verslana- og þjónustusvæði sé barn síns tíma. Það þjónaði vel en aðstæður eru breyttar og nú þarf að bregðast við þróuninni og taka allt svæðið til gagnrærrar endurskipulagningar. Það er ekki hægt



Álfheiður Guðjónsdóttir og Guðmundur H. Guðmundsson í Húsi bakarans við Drafnarfell í Efra Breiðholti.

að hafa þetta svona inni í miðju íbúðahverfinu. Ég tel að rífa ætti að minnsta kosti hluta þessara bygginga eða þær allar og byggja svæðið algerlega upp að nýju í samræmi við breyttar aðstæður og þarfir. Ég get séð fyrir mér íbúðahverfi sem félli að nærliggjandi byggð og gera mætti ráð fyrir þjónusturýmum á jarðhæð þar sem hægt væri að sinna ákveðinni verslanabjónustu. Þótt þetta svæði henti ekki lengur fyrir verslanamiðstöð eða verslanabjónustu af þeirri stærð sem ákveðin var í upphafi þá tel ég engu að síður þörf fyrir ákveðna þjónustu fyrir nágrennið og horfi í því sambandi á málið í ljósi eigin reynslu af að hafa starfað hér allt frá því að hverfið var byggt.” Guðmundur kveðst telja að tilkoma stóru versl-

anamiðstöðvanna eigi mikinn þátt í því að ekki var lengur rekstrargrundvöllur fyrir verslunarsvæði af þeirri stærð sem um er að ræða við Drafnarfell og Eddufell. “Fólk sækir í Smárann, í Mjóddina og allt niður í Kringlu en vill engu að síður hafa ákveðna nærþjónustu í hverfinu. Ég finn þetta vel hér hjá mér. Hingað kemur margt fólk, ekki síst á morgnana og fram eftir degi og kaffihúsið dregur mikið að. Fólk vill geta komið á morgnana, fengið sér kaffi og stundum með því og verslað síðan til dagsins í leiðinni. Ég hef ekki haft opið á kvöldin. Ég veit ekki hversu mik-

ið sótt yrði hingað á þeim tíma og grill sem var hér í næsta húsi er búið að loka. Vídeóleigurnar virðast líka vera á undanhaldi með aukinni sölu myndefnis á geisladiskum og niðurhali af netinu.” Guðmundir segir miklar breytingar hafa orðið á öllu hverfinu. Hér hafa orðið mikil skipti á íbúum á undanförunum árum. Sumt af því má eflaust rekja til sölu á félagslegum íbúðum. Á fyrstu árum mínum hér heyrði nánast til undantekninga að ekki væru brotnar rúður um hverja helgi en nú er undantekning ef það gerist.”

Góð reynsla af nýbúunum

“Hér býr mikið af fólki af erlendum uppruna,” heldur Guðmundur áfram. Ég hef mjög góða reynslu af því fólki bæði sem viðskiptavina og einnig sem starfsfólks en margar konur af erlendum uppruna hafa unnið hjá mér í gegnum tíðina. Ég held að íbúabreytingin eigi þó ekki neinn þátt í því að verslun hefur minnkað hér heldur megi fyrst og fremst rekja það til breytts verslunarumhverfis og breyttra verslunarháttar. Af þeim ástæðum verða borgaryfirvöld að skoða þetta mál með opnum huga og haga nýtingu svæðisins eins og best verður kosið. Í ljósi reynslunnar tel ég það ekki verða gert með öðrum hætti en að breyta deiliskipulaginu og leggja áherslu á íbúðabyggð á svæðinu. Við getum ekki haft aflagt verslanasvæði hér inni í miðju íbúðahverfi.”



Páskaeggjaleit

Í Elliðarárdalnum laugardaginn 7. apríl kl. 14.00 við gömlu Rafveitustöðina

Krakkar, mömmur, ömmur, pabbar og afar

Sjálfstæðisfélögin í Breiðholti og Árbæjarhverfi efna til páskaeggjaleitar í Elliðarárdalnum 7. apríl kl. 14:00

Leitað verður að fagurlega skreyttum eggjum og börnin fá súkkulaðiegg


Leiktæki og hoppukastali verða á staðnum

Keppt verður í húllakeppni

Munið að taka með körfur eða poka undir eggin

Hittumst hress
Allir velkomnir

Stjórnir sjálfstæðisfélaganna í Breiðholti og Árbæ



Lína, Emil, Ronja, Kalli og öll hin í Gerðubergi



Konur settu svip á barnabókmenntir og barnamenningu í Gerðubergi.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg efndi nýlega til ráðstefnu um barnabókmenntir og barnamenningu og tileinkaða hana minningu sænska barnabókahöfundinum Astrid Lindgren. Gestur ráðstefnunnar var Helena Gomér, yfirmaður barnadeildar Rúm för barn í menningarhúsi Stokkhólmsborgar og hélt hún fyrirlestur um Astrid og verk hennar. Silja Aðalsteinsdóttir og Sigprúður Gunnarsdóttir fjölluðu um æviferil og skáldskap Lindgren og Katrín Jakobsdóttir fjallaði um villta barnið og siðmenninguna í verkum hennar og ræddi það einkum út frá sögunum af Línu langsokk.

Flestar persónur í bókum Astrid Lindgren eiga sér rætur í heimi ævintýra. Sögur hennar verða þó seint alfarið taldar til ævintýrabókmennta vegna þess að í gegnum frásöguna tengir hún persónur sínar og sögu svið jafnan við raunveruleika sem hún staðsetur ýmist í tíma nálægt æskustöðvum sínum eða í ótímasettu rúmi. Flestar bóka hennar eiga sér á einhvern hátt upptök í lífi hennar sjálfrar og hvar sem borið er niður skín hið raunverulega í gegnum látbragð og rökræðu persónanna sem ævintýrið hefur frelsi til að teygja og túlka á marga vegu. Sögusvið Astridar eru í mörgum tilvikum með mjög sterkum blæ sem í flestum tilvikum ber saman við heimahagana. Kattholt er dæmigerður sveitabær í Smálöndum og Sjónarhöll Línu langsokks gæti verið yfirgefið hús í útjaðrinum á Wimmerby. Í bókunum á borð við Ronju ræningjadóttur og Bróðir minn ljónshjarta er farið nokkru lengra inn í heim ævintýrisins þótt hin margræða heimspeki sem Astrid Lindgren var hugleikin sé í raun hin sama. Skoðanir hafa verið skiptar um bækur Astrid Lindgren allt frá því að þær hófu að koma út þótt

tæpast hafi verið efast um snilli hennar sem sagnaskálds og rithöfundar. Þegar hún hafði lokið fyrstu útgáfunni af Línu langsokk fékkst sagan ekki gefin út því orð og athafnir sögupersónunnar voru talin fara svo langt út fyrir allt sem skynsamlegt gat verið. Astrid skrifaði því aðra útgáfu af sögunni og dró nokkuð úr hvatvísi Línu og það er ekki fyrr en nú rúmum 60 árum síðar sem þessi frumútgáfa kemur fyrir sjónir lesenda.

Astrid þótti oft fara á skjön við hefðbundna uppeldisfræði og jafnvel hæðast að borgaralegum gildum samtímans. Börnin virtust oft fullkomnari foreldrunum og einkennandi er hversu karlmenn og feður standa konum og mæðrum oft að baki. Í raun má segja að bækur Astridar Lindgren spanni endana á evrópskir heimspeki, allt frá kenningum svissneska heimspekingsins Rousseau um að við eigum að vænta þess af öllum hlutum og þeir fullnægi þörfum tilfinninga og náttúrulegra hvata en ekki rödd skynseminnar yfir til kenninga Nietzsche um ofurmennið en sögunum um Línu hefur stundum verið jafnað við þá hugsun. Sem dæmi um þær deildu meiningar sem jafnan voru um Astrid Lindgren þrátt fyrir þá viðurkenningu sem verk hennar fengu má geta þess að hún hlaut aldrei Nóbelsverðlaunin þótt mörgum hafi fundist hún verðug þeirra og verðugri en ýmsir sem þeirra hafa notið. Vel var til þess fundið af stjórnendum Gerðubergs að taka verk Astridar Lindgren til umfjöllunar og þá barnamenningu sem hún stendur fyrir. Mörg verka hennar njóta mikilla vinsælda fyrir sígildleika þeirra og að vera sprottin úr sagnaheimi ævintýranna en hafa einnig orðið mörgum uppspretta hugsana um uppeldið, lífið og tilveruna þar sem mönnum hefur sýnst sitt á hvað.

Afrakstur náms, áhugi og hæfileikar

Guðlaug Sveinsdóttir sýnir myndverk í Boganum í Gerðubergi um þessar mundir. Guðrún er ættuð af Austurlandi nánar tiltekið frá Higgstekk í Skriðdal. Eftir nám við Alþýðuskólann á Eiðum tók hún að leggja stund á útsaum en myndir náttúrunnar heilluðu hana frá bernsku aldri. Hún byrjaði snemma að búa til myndverk, bæði í útsaumnum en einnig fékkst hún við að mála og vinna klippimyndir.

Í upphafi mun hún hafa ætlað sér að verða kennari en vent kvæði í kross og hélt til náms við Ljósmeðraskólann í Reykjavík. Að því loknu hélt hún til Austurlands að nýju. Hóf búskap og sinnti ljósmóðurstörfum með barneignum og heimilishaldi. Eftir að slitnaði upp úr fyrra hjónabandi hennar hélt hún með börn sín til Egilsstaða þar sem hún starfaði síðan við flest sem til féll í fyrstu en snéri sér síðan að ljósmóðurstörfunum sem gátu verið margþætt í dreifðum byggðum upp úr miðri síðustu öld. Hún giftist aftur og eignaðist tvíbura með síðari manni sínum. Myndlistin blundaði alltaf í henni þótt lítill tími væri afgangss frá krefjandi starfi og stóru heimili til að sinna því hugðarefni. Í upphafi níunda áratugarins hélt Guðlaug til Noregs, starfaði þar við ljósmóðurstörf um hríð en nýtti þann tíma sem gafst frá vinnu til þess að sinna áhugamáli sínu. Þar tók hún fyrstu eiginlegu skrefin í námi í myndlist sem var námskeið í rósamálun en hét myndlistarnámi áfram eftir að hún kom heim og hefur sótt tug námskeiða á undanfórnum árum. Myndir Guðlaugar sýna svo ekki verður um villst að hún hefur haft fullt erindi í myndlistarnám eftir að tími tók að gefast frá öðrum störfum. Í myndum hennar



Landslag er Guðlaugu hugleikið þegar hún malar. Stundum fylgir hún hefðbundnum formum en bregður stílfæringum fyrir sig í öðrum verkum. Þarna gæti abstraktáhrifa í túlkun hennar á landslagi.

kemur saman afrakstur námsins en einnig sá áhugi og þeir hæfileikar sem búið hafa með henni um langa ævi. Hún leikur sér að litum og formum sem hún sækir gjarnan í landslag og náttúrulef og hvort sem hún fylgir formum náttúrunnar eða skapar sín eigin í óhefðbundnu málverki er kunn-

áttu hennar og natni við brugðið. Þá bregður kyrralífsmyndum einnig fyrir enda fyrsta námskeiðið á ferli hennar til myndlistarmanns úr þeirri smíðju. Ástæða er til þess að óska Guðlaugu til hamingju með sýninguna og hvetja Breiðholtsbúa og aðra til þess að sjá og njóta.

Sumarskólinn í FB

www.fb.is

Um 80 áfangar í boði
Netinnritun stendur yfir
Nám fyrir nemendur úr 10. bekk

Komdu í þægilegt og gott umhverfi

Mjóddin

Yfir 200 grunnskólanemendur í stærðfræðikeppni



Verðlaunahafar í stærðfræðikeppni FB ásamt Kristínu Arnalds, skólameistara FB, Stefáni Benediktsyni, aðstoðarskólameistara og Gunnari Páli Jóakimssyni, stærðfræðikennara og umsjónarmanni keppinnar.

Yfir 200 grunnskólanemendur tóku þátt í Stærðfræðikeppni grunnskólanema í Breiðholti sem fram fór fyrir stuttu. Þetta var í 10. skipti sem keppnin fer fram. Keppnin er haldin í samvinnu grunnskólanna í Breiðholti og Fjölbautaskólans í Breiðholti með styrk frá Reykjavíkurborg. Fjölbautaskólinn í Breiðholti sér um framkvæmd keppinnar og tóku nemendur úr 8., 9. og 10. bekk grunnskólanna fimm í Breiðholti þátt í keppninni. Allir þátttakendur fengu viðurkenningu fyrir þátttöku.

Verðlaunaafhending fór fram í Fjölbautaskólanum í Breiðholti og voru veitt glæsileg verðlaun til fimm stigahæstu keppendanna í hverjum árgangi. Glitnir, Heimilistæki og VÍS gáfu verðlaunin til keppinnar. Flest verðlaun komu í hlut nemenda úr Ölduselsskóla, eða 6 talsins. Bestum árangri náðu þau Sigríður Stefánía Hlynsdóttir, Ölduselsskóla og Árni Indriðason, Breiðholtsskóla. Úrslit urðu annars þessi:

10. bekkur

1.-2. Sigríður Stefánía Hlynsdóttir

ir, Ölduselsskóla
1.-2. Árni Indriðason, Breiðholtsskóla
3. Ingi Óskarsson, Hólabrekkuskóla
4. Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir, Ölduselsskóla
5. Andri Ingvason, Fellaskóla

9. bekkur

1. Atli Guðlaugsson, Hólabrekkuskóla
2. Rebekka Helga Pálsdóttir, Seljaskóla
3. Eva Dröfn Benjamínsdóttir, Ölduselsskóla
4. Þorsteinn Halldórsson, Hólabrekkuskóli
5. Ívar Kristinn Jasonarson, Hólabrekkuskóla

8. bekkur

1. Unnur Rún Sveinsdóttir, Ölduselsskóli
2. Arnór Gunnar Gunnarsson, Ölduselsskóli
3. Linh Thuy Vu Duong, Fellaskóli
4. Viktor Pajdak, Ölduselsskóli
5. Unnur Karen Guðbjörnsdóttir, Breiðholtsskóla

Páskaeggjaleit í Elliðarárdalnum



Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir við Gömlu rafstöðina í Elliðarárdalnum þar sem páskaeggjaleitin mun fara fram á laugardaginn kemur.

Félag sjálfstæðismanna í Breiðholti og Árbæ munu í fyrsta sinn vera með páskaeggjaleit fyrir börnin í Elliðarárdalnum við gömlu rafveitustöðina laugardaginn 7. apríl næstkomandi eða laugardaginn fyrir páska. Páskaeggjaleit var fyrst hrundið af stað fyrir rúmum áratug af hverfafélagi sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi og hefur jafnan vakið mikla ánægju barnanna og síðan hefur hvert Sjálfstæðisfélagið í Reykjavík af öðru tekið þennan sið upp.

Páskaeggjaleitin krefst mikils undirbúnings og nú eru félögin hér í Breiðholti og Árbæ í stakk búin að láta til skara skriða enda kjöraðstæður fyrir hendi til að halda svona páskaeggjaleit þar

sem við höfum þessa frábæru náttúruperlu Elliðarárdalinn sem liggur að þessum hverfum segir Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir. Leitað verður að fagurlega skreyttum hænueggjum og börnin fá að launum súkkulaðiegg. Á staðnum verður margt til skemmtunar ýmis leiktæki verða á staðnum og keppt verður í húllahopp og sigurvegarar fá stór páskaegg í verðlaun. Börnin eru hvött til að taka með sér kórfa eða poka undir hænuegginn. Páskaeggjaleitin hefst stundvíslega kl. 14.00 og allir eru velkomnir, krakkar, mömmur, ömmur, pabbar og afar og hvet ég sem flesta til að láta sjá sig og gera sér glaðan dag segir Ragnhildur Björg.

Hér er ég!

Mjódd

Smiðjuvegi

Nóatúni 17

Apótekarinn

-(yf á lægra verði!)

TILBOÐ

10 tulipánar og glervasi

1.280 kr

ALLT FYRIR PÁSKANA

Á EINUM STAÐ

GARDHEIMAR

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**Eigum sumargjöfina
fyrir þig**

**ÍR- og Leiknisvörur í úrvali
Barcelona-barnasett
treyjur - buxur - sokkar
kr. 6.990.- st. 2-10**

KODAK-framköllun frá kr. 1070.-

Umboð fyrir Happraetti Háskóla Íslands SÍBS og DAS

Leiksport
Sími 5575020 **Hólagarði**

Ertu þjarkur?
með gott hjartalag



Vinnuskóli Reykjavíkur er útiskóli þar sem nærri
200 leiðbeinendur munu starfa í sumar.

Starfið gefur einstaka möguleika á að njóta útivistar og eiga
þátt í að prýða borgina og útmörkina. Áhersla er lögð á
skapandi starf, þróunarverkefni og fræðslu á vettvangi.

Leiðbeinendur öðlast mikilvæga stjórnunarreynslu við að
stýra vinnuflokkum unglinga.

Vinnuskólapjarkurinn býður leiðbeinendur velkomna til
sumarstarfa árið 2007.

Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á sameiginlegum
umsóknarvef borgarinnar.

www.vuf.is



**VINNUSKÓLI
REYKJAVÍKUR**

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar • Skúlagata 19 • Sími 411 8500 • 101 Reykjavík

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Fyrir rúmum þremur árum vaknaði ég af löngum bókmenntadvala. Ég var átján ára og áttaði mig á því að ég hafði bókstaflega dregist aftur úr hvað varðar vitneskju á gáfulegum hlutum og almennum glæsileik. Mér bauð við þeim óskapnaði sem ég hafði leyft mér að verða! Ég var orðinn einn af sauðsvörtum almúganum fannst mér.

Mér fannst ég þurfa að sanna mig fyrir sjálfum mér og því var hvatningin til bókalesturs ekki bara heilbrigð löngun til þess að slaka á uppi í sófa með góða bók, heldur einnig óheilbrigð kappsemi og sjálfshatur, en kraft slíkra hvata má ekki vanmeta.

Eins og við flest vitum þá eru til óteljandi flokkar bókmennta og teljast sumir til hábókmennta og aðrir til lágbókmennta. Eins og þið getið rétt ímyndað ykkur þá gat ég ekki hugsað mér að koma nálægt lágbókmenntunum (sama hversu litríkar bókakápur þeirra kynnu að vera). Nei, ég skyldi aðeins lesa djúpt!

Á næstu mánuðum og árum las ég margar af bestu (og þyngstu!) bókum sem ég hef nokkurn tímann lesið. Ég táraðist yfir fegurð og sannleika „Óbærilegs léttleika tilverunnar“ Milans Kundera og grét eins og smábarn yfir „Ilmi“ Patrick's Süskind. Ég hló hrossahlátri að tilhugalífi ofvitans Þórbjörns Þórðarsonar og ég var pyntaður á hrottafenginn hátt af stóra bróður í „1984“ eftir George Orwell. Þetta var rosalegt! Ekki nóg með að þessar bækur köll-



Gunnar Jónsson.

uðu fram afar sterkar tilfinningar í lesandanum mér, þá voru þær einnig uppfullar af djúpum hugsunum, sumum framandi, öðrum þægilega kunnuglegum.

Eftir því sem ég las meira þá læknaðist ég af bókasnobbi mínu. Ég fór að átta mig á því að sumar bækur gætu verið „einfaldar“ og auðlesnar en um leið afburðabókmenntir. Má t.d. nefna „The Catcher in the Rye“ eftir J.D. Salinger í þessu samhengi. Ég áttaði mig líka á því að sumar bækur sem ég las og gætu ekki undir nokkrum kringumstæðum flokkast undir „háabókmenntir“ gerðu mikla lukku í heilabúi mínu. Þá er ég helst að tala um vísindaskáldskap.

Vísindaskáldskapur er að mínu mati vanmetnasti bókmenntaflokkur í sögu ritlistarinnar. Þeg-

ar vel tekst til blandar hann lista-lega saman skemmtilegum hugmyndum um þróun mannsins og húmor. Núna er ég því annars vegar að lesa bók stúfilla af smásögum eftir Philip K. Dick, ókrýndan konung vísindaskáldskaparins, höfund sagna sem ekki ómerkari kvikmyndir en „Blade Runner“, „Total Recall“, „Minority Report“ og „A Scanner Darkly“ hafa verið gerðar eftir, og hinsvegar er ég að lesa bækur eftir hetjuna mína John Swartzwelder. Swartzwelder er best þekktur sem handritshöfundur fyrir Simpson-þættina og hefur skrifað um það bil 59 þætti um gulu fjölskylduna. Fyrir nokkru pantaði ég fyrstu bók hans af Amazon.com sem ber heitið „The Time Machine Did It“ og fjallar um seinheppinn og einkar treggáðan einkaspæjara sem tekst á við glæpamenn sem hafa tímavél í fórum sínum. Eftir að hafa lesið þá bók alla á örfáum klukkustundum og hlegið stanslaust á meðan fór ég aftur á amazon.com og pantaði hinar þrjár bækur hans. Um þessar mundir er því mikið hlegið á heimili mínu.

Óg já, meðan ég man. Í gær las ég líka ljóðabók Nýhil-pennans Óttars M. Norðfjörð „Gleði og Glötun“. Hún var hressandi mjög. „Satan er land þitt“ er mjög fallegt ljóð. Síðan hef ég náttúrulega verið að lesa fleiri hluti upp á síðkastið, eins og blogg, símaskrána og málshætti og svoleiðis, en það er önnur saga.

Samféshelgi, skíðaferð o.fl.

Samféshelgin var annan og þriðja mars sl. Að þessu sinni var hún haldin í Laugardagshöll. Miðberg og Hólmasel voru með sameiginlegt atriði með söng og dans. Rútuferðir voru frá Miðbergi og Hólmaseili báða dagana og í þeim voru um 200 krakkar sem allir skemmtu sér frábærlega.

Dagana 9 til 11 mars fór Miðberg í skíðaferð til Siglufjarðar. Það fóru 28 krakkar og fjórir starfsmenn. Lagt var af stað klukkan eitt á föstudegi og komið heim klukkan níu á sunnudagskvöldi. Veðrið á Siglufirði var frábært og skíðafæri eins og best verður á kosið. Hópurinn fór út að borða bæði kvöldin og hélt kvöldvöku í gagnfræðiskólanum þar sem hann gisti. Hópurinn var til fyrirmyndar og viljum við í Miðbergi þakka þeim fyrir frábæra helgi.

Það verður nóg um að vera í mars hjá okkur í Miðbergi. Teknóball, salsadans, töskuvika í listasmiðjunni og margt fleirra. Fimmtudagar eru bíó dagar, kl: 14:30 er mynd sýnd á breiðtjaldi og popp og djús.




Flottar í Miðbergi.

Allar upplýsingar og myndir er að finna á heimasíðu okkar www.midberg.is Myndirnar tala sínu máli.

Big Papas pizza með heimsendingar í Breiðholtið

Big Papas pizza í Engihjallanum í Kópavogi er nú farinn að bjóða Breiðholtsbúum upp á heimsendingarþjónustu á pizzum. Hafþór Smári Sigmundsson, eigandi Big Papas er enginn nýgræðingur í pizzabakstri en hann starfaði hjá Pizzahöllinni í Mjóddinni í Breiðholti í um sex ár eða til 2005, áður en að hann flutti sig yfir í Kópavoginn og stofnaði Big Papas pizza í Engihjalla 8.

„Þetta hefur gengið vel hjá okkur þennan tíma og nú erum við að auka þjónustuna með heimsendingarþjónustu í Breiðholtið.“ Auk heimsendingarþjónustunnar er Big Papas með rúmgóðan og vistlegan sal í Engihjallanum sem tekur allt að 40 manns í sæti. Í veitingasal Big Papas pizza er barnahorn fyrir fjölskylduna þegar hún kemur saman til þess að fá sér pizzu og einnig eru fótboltaleikir sýndir í beinni



Katrín Ósk Guðmundsdóttir og Hafþór Smári Sigmundsson í Big Papas pizzum.

útsendingu. Þá býður Big Papas aðstöðu fyrir viðburði á borð við afmæli og önnur einkasamkvæmi. „Big Papas notar aðeins 100% íslenskan ost og fyrsta flokks hráefni. Þeir sem að vilja gæða pizzu

ur á lágmarks verði hvet ég ykkur til að prófa Big Papas pizzur. Hvort sem þú vilt sækja, borða í sal eða fá sent heim Verð og tilboð er hægt að finna inná bigpapas.is,” segir Hafþór Smári.

Guðlaugur Sverrisson, formaður Hverfisráðs Breiðholts skrifar:

Hverfaráðsfundur í Breiðholtinu

Pann 27. mars síðastliðinn var haldinn opinn íbúafundur á vegum Hverfaráðs Breiðholts í Gerðubergi. Gestir fundarins voru Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi, formaður Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar og Óskar Bergsson, varaborgarfulltrúi, formaður

Framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar.

Í upphafi fundar hélt Helgi Kristófersson erindi á vegum Íbúasamtakanna Betra Breiðholts en hann er formaður samtakanna. Helgi gaf tóninn fyrir fundinn með vel útfærðu erindi sem fékk góðar viðtökur fundargesta. Þar fór hann m.a. í máli og myndum yfir ástand nærumhverfis Breiðholtsskóla og talaði enga tæpitungu. Má segja að orðið leðjuslagur hafi fengið eiginlega merkingu í pólitískri umræðu kvöldsins. Einnig sagði Helgi frá athyglisverðum tillögum Íbúasamtakanna um lengingu skíðabrekunnar í Jafnaseli og hvernig bæti megi umgengni við svæðið. En einhverjir bíleigendur hafa verið að spæna upp skíðabrekku þannig að stórsér á henni.

Í framsöguerindi Hönnu Birnu kom fram m.a. að Skipulagsráð hefur áhyggjur af framgangi á erindi Skipulagsráðs til íbúa um breytt deiliskipulag í Kleifarseli. Telur hún að núverandi ástand verslunarhúsnæðis sé til vansa og verði ekkert að gert muni það drabbast niður og verða engum til gangs og umhverfinu til lítils sóma. Að hennar mati liggja fyrir ágætir tillögur að byggingu fjölbýlishúss, sem gæti gert sig vel á svæðinu og bendir á umbreytingu verslunarhúss við Leirubakka því til staðfestingar. Það kom fram í máli hennar að athugasemdir íbúa við Kleifarsel og nágrenni hafi að mestu snúist um auknar áhyggjur af bílaumferð vegna fjölgunar íbúða, en hún taldi að mun meiri umferð hefði verið þegar rekin var verslun í húsnæðinu, þannig að umferðin ætti ekki að standi í vegi fyrir breyttu deiliskipulagi.

Óskar Bergsson ræddi væntanlegar framkvæmdir í Breiðholtinu á vegum Framkvæmdsviðs Reykjavíkurborgar og dreifði starfsáætlun Framkvæmdsviðs fyrir árið 2007 til fundargesta. Hann sagði frá áætlunum um að taka upp allar gangstéttar í Breiðholti á kjörtímabilinu. Eins að á árinu verði farið í gagngerar endurbætur á lóð Fellaskóla. Hann ræddi aðgerðir gegn veggjakroti og eins um tíðari hreinsanir gatna og gangstétta í Breiðholti, en búið er að tvöfalda tíðnina



Guðlaugur Sverrisson

frá því sem áður var. Hann sagði frá um 500 milljóna króna auknu framlagi Borgarstjórnar umfram það sem verið hefur, sem nota á til viðhalds gatna og eigna Borgarinnar. Breiðholtið ásamt öðrum úthverfum Reykjavíkur munu njóta sérstakrar athygli á þessu kjörtímabili, enda telur núverandi meirihluti að úthverfin hafi setið á hakanum undanfarin kjörtímabil á kostnað miðbæjar Reykjavíkur.

Fundurinn var líflegur og þegar opnað var fyrir fyrirspurnir frá íbúum stóð ekki á þeim. Þeir spurðu meðal annars um umhirðu í kringum skólana í Breiðholti, uppbyggingu á íþróttasvæðum, hvernig bæti megi úr bílastæðavanda við fjölbýlishús, uppbyggingu á íbúðum fyrir aldræða og þjónustu við þá, viðhald göngustíga, hávaða frá umferð, hvort vernda eigi leifarnar af Breiðholtsbænum og þá hvernig, sundlaugarbyggingu á svæði ÍR í Mjódd, bílastæðavanda við verslunarmiðstöðina í Mjódd ofl. ofl. Formaður Hverfisráðs sagði frá hugmyndum sínum um að færa Seljabraut frá húsunum er við hana standa þar sem hún liggur frá Engiaseli að Flúða- eða Jafnaseli, til að bæta öryggi og ásýnd götunnar og lífsgæði íbúanna sem við hana búa. Það getur orðið þrautin þyngri þar sem um

dýra framkvæmd er að ræða.

Hanna Birna og Óskar svöruðu öllum fyrirspyrjendum ásamt fulltrúum Hverfisráðs Breiðholts. Var gerður góður rómur að umgjörð fundarins þar sem að íbúar fengu rúman tíma til að spyrja fulltrúa sína um hverfið sitt. Hverfisráð Breiðholts heldur opinn fund með íbúum í það minnsta einu sinni á ári. Það er von mín að íbúar Breiðholts noti

tækifærið sem svona fundir eru í ríkari mæli. Með því að mæta fundina taka íbúar virkan þátt í mótun umhverfisins hafa bein áhrif á umræðu og athafnir borgaryfirvalda. Um það geta íbúar samtökin Betra Breiðholts vitnað sem ásamt verslunareigendum og Hverfisráði Breiðholts, settu sig mjög á mótí opnun spilasalar í verslunarmiðstöðinni í Mjóddinni.

Ítalskir gæðaskór

á dömur og herra



Allir með dempun í hæl



1. Teg. 4124 Stærðir 36-42



2. Teg. 2062 Stærðir 40-47



3. Teg. 3112 Stærðir 36-42



4. Teg. 2076 Stærðir 39-47

www.xena.is




SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

Quiznos Sub
fjölskyldu-
matsölustaður
Nýbýlavegi 32



Líkamsrækt fyrir konur Betri heilsa á 30 mínútum



Meira fjör, styttri tími og skemmtilegur félagsskapur.

Hjá okkur færðu, aðhald og stuðning hvort sem þú þarft að greinast eða styrkjast. Reglulegar líkamsmælingar svo þú getir fylgst með árangrinum.

Curves
The power to amaze yourself™

Fyrir allar konur

**Hringdu og pantaðu
prufutíma og líkamsmælingu**

50% afsláttur af þjónustugjaldi

Curves, Bæjarlind 12 - Sími 566 6161 - curves@simnet.is



Ganga í Breiðholti

Laugardaginn 21. apríl efnir Samfylkingin til gönguferðar um Breiðholtið. Lagt verður af stað frá Breiðholtslauginni klukkan 13.

XS

Gangið til liðs!



Samfylkingin

Costa blanca.is

Ertu að skipuleggja frið? Viltu leigja eign á Spáni?

Áttu eign á Spáni og vilt geta leigt hana út sjálfur?

Viltu spila golf á Spáni? Viltu leigja bíl á Spáni?

Hvað er um að vera á Spáni? Hvað er markvert að skoða?

Upplýsinga- og þjónustusiðan www.costablanca.is hefur svörin

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Arna Grétarsdóttir, prestur er uppalinn við Vesturbergið í Breiðholti og býr þar í dag. Hún rifjar upp eitt og annað úr bernsku sinni í fyrsti bernskuminningunni sem Breiðholtsblaðið birtir úr Breiðholtinu.

Við skildum ekki umhyggjuna

Sr. Arna Grétarsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1971. Foreldrar hennar eru Grétar Skarphéðinsson, húsasmiðameistari og Ruth Árnadóttir, samskiptafulltrúi en þau eru frumbyggjar í efra-Breiðholti. Arna var aðeins nokkurra mánaða gömul þegar hún flutti ásamt foreldrum sínum og eldri systur sinni Hrefnu í Írabakkann í Breiðholti þar sem fjölskyldan bjó á meðan byggt var raðhús í Vesturberginu. Í Vesturberginu bjó Arna frá tveggja ára aldri og þar til hún flutti að heiman. Eftir að fjölskyldan flutti í Vesturbergið bættist í hópinn ein systir í viðbót Margrét og einn bróðir Skarphéðinn. Nú er Arna flutt aftur í Vesturbergið og býr því rétt hjá foreldrum sínum og tengdaforeldrum.

Hrædd við jólasveinabúninginn

Fyrsta minningin er frá því þegar faðir minn klæddi sig í jólasveinabúning og ég varð alveg dauðhrædd. Áttaði mig þá ekkert á því að þetta væri karlinn, hann faðir minn. Þegar ég var þriggja, fjögurra ára fékk ég þríhjól í afmælisgjöf og fékk að hjóla “niður fyrir” eins og við kölluðum það. Þar hitti ég stelpu sem var á þríhjóli líka, jafnaðra mín og ég man svo vel þegar ég spurði hana hvort hún vildi vera vinkona mín og hún sagði glaðlega já, já og svo héldum við áfram að hjóla. Þetta var fyrsta vinkonan sem ég eignaðist og hét hún Ninní Waage. Hún hefur nú kvatt þennan heim og

er minning hennar mér afar kær ásamt fleirum sem kynntust þessari lífsglöðu og brosandi stelpu. Það var gott að alast upp í Breiðholti. Það var stór hópur krakka sem léku sér í hinum ýmsu útileikjum. Við fórum í brennó, teyjó, snú snú, og lang vinsælast var “Yfir” þá köstuðum við brennibolta yfir bílskúrana.

Við stelpurnar spiluðum fótbolta

Öll grunnskólaárin var ég í Hólabrekkuskóla. Skólinn var mjög góður, þar voru góðir og vel gerðir kennarar sem gáfu okkur krökkunum gott veganesti út í lífið. Sumir þeirra eru enn að kenna við skólann og kenna nú mínum börnum. Ég veit því af eigin reynslu að þau eru í góðum höndum. Það var og er haldið vel utan um nám nemendanna sem og allt félagslíf. Í Hólabrekkuskóla kynntist ég mínum bestu vinkonum. Við erum sjö sem höldum hópinn. Við kynntumst í rauninni allar í sex ára bekk þó við höfum ekki allar verið í sama bekk og vinahópurinn ekki myndast fyrr en á unglingsárunum. Við spiluðum fótbolta og handbolta og brölluðum ýmislegt saman. Við vorum samt mjög stilltar og góðar, gerðum ekki mikið af okkur. Ég man að eitt kvöldið vorum við í fótbolta sem oftast og lögreglubíll stoppaði og rúðunni var rennt niður. Löggan kallaði til okkar og spurði hvort við ættum ekki að vera komnar heim. Við hneyksluðumst ósköpin öll á þessu og spurðum hann



Frá vígsludegi mínum 29. júní 2003. Fremri röð frá vinstri: Sigríður Erna Guðmundsdóttir, ég og Margrét Marteinsdóttir. Efri röð frá vinstri: Eyrún Björk Svansdóttir og Rannveig Kristjánsdóttir, á myndina vantar Steinunni Stefánsdóttur og Önnu Bryndísi Óskarsdóttur.

hvort þeir ættu ekki heldur að vera niðri bæ að hafa áhyggjur af vandræðaunglingum en að hafa áhyggjur af okkur sem vorum bara að spila fótbolta og ekkert að gera af okkur. Við skildum ekki umhyggjuna sem í því fólst að hafa fyrir því að stoppa og tala við okkur.

Smávinir urðu til

Ég fór í FB á uppeldis- og íþróttabraut og útskrifaðist þaðan árið 1991. Þar kynntist ég mörgu góðu fólki sem ég held enn þá sambandi við. Þetta voru fyrst og fremst skemmtileg ár. Fyrsta árið sem ég var í skólunum var ég í leikfélaginu og í Kór FB öll fjögur árin. Við vorum nokkrir kórfélagar sem stofnuðum sönghópinn Smávinir og sungum við í allmörg ár eftir að stúdentsprófi lauk, við hin ýmsu tækifæri; útskriftir, afmæli, guðsþjónustur, jarðarfari, útfari og skírnir. Við gerðumst einnig það fræg að gefa út hljóðsnældu og fengum Fella- og Hólabrekkuskólann til að taka upp. Sumarið áður en ég byrjaði í FB kynntist ég eiginmanni mínum Rúnari Vilhjálmssyni og hans vinum sem voru úr Seljahverfinu. Við vorum hópur vinkvenna úr Hólahverfinu sem hittum hóp vina úr Seljahverfinu

og mynduðust þar nokkur ástarsambönd á milli. Þar á meðal milli mín og eiginmanns míns.

Prestsstarfið skemmtilegt en krefjandi

Ég lauk embættisprófi í guðfræði árið 2002. Þá vorum við Rúnar sem er tannlæknir búin að eignast tvö börn á námsárunum; Viljar í. 1992 og Ruth í. 1996. Ég vígðist til Seltjarnarnessprestakalls ári eftir útskrift og hef starfað þar sem prestur síðan. Það

er virkilega skemmtilegt en um leið krefjandi starf að vera prestur. Það eru mikil forréttindi að fá að mæta fólki bæði í gleði og sorg, gangvart því hef ég mikla auðmýkt. Vegalengdin út á Seltjarnarnes kemur ekki að sök það er gott að búa í Breiðholti og því keyrslan á sig leggjandi. Börnin eru líka alsæl í skólanum. Það fer vel um okkur í Vesturberginu þar sem framtíðarheimilið hefur verið staðsett.



Smávinir. Myndin var tekin fyrir utan Bessastaðakirkju þar sem sungið var við hjónavígsluathöfn.



Við Rúnar maðurinn minn - þá hjónaleysi á leið á ball.



Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Sjónætkjafræðingur með réttindi til sjónmælinga og línusmælinga

 Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen Suðurlandsbraut 50 108 Reykjavík

Sími: 568 1800

gleraugað@simnet.is www.gleraugað.is

25 sóttu um Þjónustumiðstöð

Alls sóttu 25 um starf framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Breiðholts en Ragnar Þorsteinsson, sem gegnt hefur því starfi hefur tekið við forstöðumannsstarfi menntasviðs Reykjavíkurborgar. Ráðningarstofan Hagvang-

ur mun vinna úr öllum innsendum umsóknum.

Þeir sem sóttu um starf framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Breiðholts eru:

Aðalbjörn Sigurðsson, Egilsstöðum, Anna Katrín Guðmundsdóttir,

Garðabæ, Árni Guðmundsson, Hafnarfirði, Ástþóra Kristinsdóttir, 109 Reykjavík, Björg Kjartansdóttir, Rkjavík, Brynhildur Barðadóttir, Hafnarfirði, Brynja Dís Björns-

dóttir, Kópavogi, Garðar Jónsson, Reykjavík, Gerður Björk Guðjónsdóttir, Reykjavík, Guðmundur R. Guðlaugsson, Reykjavík, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Reykjavík, Haraldur E. Ingimarsson, Reykjavík, Helgi H. Viborg, Kópavogi, Hildur Jóna Bergþórsdóttir, Árósum, Hólmfríður B. Petersen, Kópavogi, Hrafn-dís Bára Einarsdóttir, Egilsstöðum,

Ingi Björn Sigurðsson, 101 Reykjavík, Jón Egill Unndórsson, Reykjavík, Jón Sigurðsson, Reykjavík, Karin Erna Elmarsdóttir, Reykjavík. Kristján Þór Jónsson, Reykjavík, Margrét Maríudóttir Olsen, Reykjavík, Sveinn Þór Elinbergsson, Ólafsvík, Valgeir Jens Guðmundsson, Reykjavík, Þorsteinn Hjartarson, Hveragerði.



Hugað að fjölbreyttu úrvali í gróðurhúsi Garðaheima á sunnudaginn var.

Vorgleði í Garðheimum

Vorgleði Garðheima var haldin um síðustu helgi en efnt hefur verið til vorgleðinnar á sama tíma undanfarin ár.

Eins og sjá má er Gróðurhúsið í Garðheimum sprengfullt af spennandi plöntum sem bíða eftir að komast í garða lands-

manna. Á vorgleðinni voru gefin góð ráð auk þess sem mörg frábær tilboð voru á ýmsum vöruflokkum. Þá má nefna að ýmsu félagasamtök og fyrirtæki sem tengjast gróðri og garðrækt voru með kynningar á vorgleðinni.



ARGUS / 07-0166

10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **Viðbót** á Netinu **fyrir 1. maí næstkomandi** fá um næstu áramót 10% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí nk.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

spron

Við spörum þér sporin og auðveldum flokkun!



EINN, TVEIR OG ÞRÍR 21387

Við sækjum pappír, pappa, málma, plast, fernur og rafhlöður heim til þín.

Hringdu í okkur í síma **535 2510**

og pantaðu **Endurvinnslutunnuna!**

Núna við líka!
Frábært!



RAFHLÖÐUR
mega fara í tunnuna
í sérmerktum bláum
pokum!



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Súðarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 535 2500
gamar@gamar.is • www.gamar.is

Sjáið kynningarmyndband á www.endurvinnslutunnan.is

Fella- og Hólakirkja

Kirkjuathafnir um páska

Föstudagurinn langi:
Guðsþjónusta kl. 14. Lesin verður píslarsagan úr guðspjöllunum og munu sóknarnefndar-fólk lesa ásamt sr. Svavari Stef-
ánssyni sem þjónar fyrir altari. Á milli lestra verður flutt vönd-
uð tónlist sem tengist efni dags-
ins. Kór kirkjunnar syngur undir
stjórn Lenku Mátéovu sem leik-
ur á orgel. Einsöngvari verður
Sólveig Samúelsdóttir og einleik-
ari á óbó verður Peter Tompk-
ins.

Páskadagsmorgun:
Hátíðarmessa kl. 8. Sr. Guð-

mundur Karl Ágústsson pré-
dika. Sr. Svavar Stefánsson og
Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni
þjóna fyrir altari. Kór kirkjunn-
ar syngur undir stjórn Lenku
Mátéovu, kantors kirkjunnar Eft-
ir messu bjóða sóknarnefndir
kirkjugestum upp á rúnstykki og
súkkulaði í safnaðarsalnum.

Á skírdag verður fermingar-
messa Fellasóknar kl. 11 og Hóla-
brekkusóknar kl. 14.

*Verið hjartanlega velkomin til
kirkju sem jafnan.*





TIL UMHUGSUNAR

Eftir séra Svavar Stefánsson

Sigurhátíð sæl og blíð

Með þessum orðum hefst einn ástsælasti páska-sálmur í sálmaþók þjóð-kirkjunnar. Fáar munu þær vera íslensku kirkjurnar þar sem þessi sálmur sr. Páls Jónssonar mun ekki hljóma innan fárra daga, eða á páskahátíðinni.

Stundum, þegar fólk er spurt hver sé stærsta hátíð kirkjunnar, nefna margir jólin. Kannski stafar það af því að mest umstang er í kringum jólahátíðina og aðdrag-
anda hennar. En páskahátíðin er þó talin stærsta hátíð kristninnar og það af ýmsum ástæðum. Fyrst og fremst þó af því að boðskap-
ur páskana er boðskapur upp-
risunnar, sigurs kærleikans yfir dauðanum og dauðans öflum. Á páska-
morgun var það endanlega ljóst að lífið er dauðanum máttugra, að vald og máttur Guðs á sér engin mörk. Kristin trú er upprisutru, grundvölluð á því, að það líf sem Guð skapar, er eilíft og dauðinn kæfir það ekki. Páll postuli tekur svo stórt til orða að hann telur kristna trú einskis nýta ef páska-
arnir og sigurboðskapur þeirra væri ekki fyrir hendi.

Páskar, eins og reyndar aðrar kristnar hátíðir, er söguleg hátíð, þ.e. hún byggir á sögulegum við-
burðum. Vikan fyrir páska er kölluð kyrravika eða bænadagar. Einnig er til orðið dymbilvika og sjálfsagt fleiri. Þegar við skoðum atburði þessara daga er brýnt að við minnumst þess að samkvæmt gamalli hefð hefst vikan á sunnu-

degi, fyrsti vikudagur er sunnu-
dagurinn en kirkjan hefur sunnu-
daginn sem minningardag um upprisu Krists. Kyrravika hefst á pásmaunnudag. Þann dag reið Jesús á ösnufoða inn í Jerúsalem og var hylltur af fólkinu sem fagn-
aði honum, konunginum, með því að breiða klæði sín og pálmagreinar á götur þær er hann fór um. Þetta sama fólk stóð svo nokkrum dögum síðar og krafðist krossfest-
ingar hans. Þau vildu hernaðar-
konung til að losa þá undan valdi Rómverja en slíkur konungur var Jesús ekki. Hann vildi ríkja í hjört-
um manna, móta hugsun, gildi og afstöðu. Á fimmtudegi, skír-
degi, minnumst við þess er Jesús neytti síðustu kvöldmáltíðar með lærisveinum sínum. Þar bjó hann þá undir brottför sína en um leið hvatti þá til að berjast trúarinnar góðu baráttu og þar yrði hann mitt á meðal okkar í brauðinu og víninu sem útdeilt er og helgað honum. Þá athöfn endurtökum við í altarisgöngu messunnar.

Föstudaginn langa var svo Jesús krossfestur og höfnun heimsins á honum fullkomnuð. Kyrruviku lýkur svo á laugardegnum þá and-
vana líkami Jesús hvíldi í hellinum er hýsa átti líkama hans um sinn.

Páskamorgun markar svo algjör-
lega nýtt upphaf. Þegar konurnar komu að gröfnni til að búa um lík hans var hann horfinn. Hann var upprisinn, sigur hins góða var staðfestur. Guð hafði sigrað illsku mannanna. Þessi gleðiþóðskapur er einstæður því samkvæmt orðum Jesús þá erum við kristnir menn þátttakendur í sigri upp-
risunnar. Það merkir að sérhver manneskja sem er Guði helguð á hlutdeild í upprisu Krists, á fyrir-
heit um að rísa upp við mörk lífs og dauða. Þetta er fagnaðarerindi páskana, fagnaðarerindi kristinnar trúar.

Áður fyrr heilsuðust kristnir menn með þessari kveðju: “Kristur er upprisinn”. Og svarað var á móti: “Kristur er sannarlega upp-
risinn”. Við skulum leggja rækt við þennan trúararf kirkjunnar okkar því trú þarf að rækta og hlúa að. Komum til kirkju til að ganga með Jesús hans píslarveg. Ekki síður mæta honum upprisnum á páska-
morgun og syngja með orðum sr. Páls er lýkur fyrirnefndum sálmi sínum: “Sigur þinn oss sig-
ur gefi,/ sigurhetjan, Jesús minn”. Guð gefi ykkur gleðilega páska-
hátíð.

borgarblod.is

BIG papas pizza



Lágmarkspöntun fyrir heimsendingu er 1.390 kr. Við það bætist heim-
sendingargjald sem er 500 kr.

**Big papas sendir í Kópavog og Breið-
holt. Sendum til 21.00 alla daga**


578 1717

Big papas pizza • Engiljalla 8 Kópavogi
OPID 11:30 - 22:00 ALLA DAGA www.bigpapas.is

TILBOÐ	
Tilboð 1	1.390 kr. <i>heimsent</i> 1.890 kr.
Stór 16" pizza með 3 áleggstegundum.	
Tilboð 2	1.590 kr. <i>heimsent</i> 2.090 kr.
Miðstærð 12" með 3 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum, sósa og 2l af pepsi	
Tilboð 3	1.890 kr. <i>heimsent</i> 2.390 kr.
Stór 16" með 3 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum, sósa og 2l af pepsi	
Tilboð 4	2.990 kr. <i>heimsent</i> 3.490 kr.
2 stórar 16" með 3 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum, sósa og 2l af pepsi	
Tilboð 5	1.990 kr. <i>heimsent</i> 2.490 kr.
Extra stór 18" með 3 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og sósa	
Tilboð 6	790 kr.
Lítill 9" með 3 áleggstegundum	
Tilboð 7	1.090 kr.
Miðstærð 12" með 3 áleggstegundum	



AFGREIÐSLUTÍMI SUNDSTAÐA UM PÁSKA



	Skírdagur	Föstud. langi	Laugardagur	Páskadagur	Annar í Páskum
	5. apríl	6. apríl	7. apríl	8. apríl	9.apríl
ÁRBÆJARLAUG	kl. 8-22	kl. 10-18	kl. 08-22	kl. 10-18	kl. 08-22
BREIÐHOLTSLAUG	kl. 10-18	Lokað	kl. 08-20	Lokað	kl. 10-18
GRAFARVOGSLAUG	kl. 10-18	Lokað	kl. 08-20.30	Lokað	kl. 10-18
KLÉBERGSLAUG	kl. 11-17	Lokað	kl. 11-17	Lokað	kl. 11-17
LAUGARDALSLAUG	kl. 8-22	kl. 10-18	kl. 08-22	kl. 10-18	kl. 08-22
SUNDHÖLLIN	kl. 10-18	Lokað	kl. 8-19	Lokað	kl. 10-18
VESTURBÆJARLAUG	kl. 10-18	kl. 10-18	kl. 08-20	kl. 10-18	kl. 10-18

Æfingar í fullum gangi

Æfingar hjá skíðadeild ÍR eru nú í fullum gangi núna og eru aðstæður í Bláfjöllum búnar að vera nokkuð góðar. Skíðadeildin hefur verið talsvert á faraldsfæti þar sem fyrri hluti vetrar var okkur óhagstæður. Í janúar var farið í tveggja vikna fjölskyldu og æfingarferð til Austurríkis og þar voru góðar aðstæður til æfinga. Einnig voru farnar nokkrar æfingaferðir norður í land.

Skíðadeild ÍR hélt Reyjavíkurmót í Bláfjöllum fyrir 9 til 12 ára aldursflokki í hinu besta veðri, sól en kulda. ÍR krakkarnir stóðu sig með mikilli þrýði og fóru flest heim með verðlaunapening. Skíðadeildin hefur aðstöðu í Bláfjöllum við lyftuna Mikka mús í Suðurgili og höfum við þar aðstöðu í nokkrum gámum sem er bráðabirgða



aðstaða þar til skálin okkar mun rísa næsta haust. Við bjóðum alla krakka velkomna að prófa að

koma á æfingu hjá okkur, æfingaflan og skíðasímar eru á heimasíðu skíðadeildar www.irsida.is/skidi

Stuðningsmannahópur meistaraflokks

Fyrr í vetur var stofnaður sérstakur stuðningsmannahópur fyrir meistaraflokk kvenna í knattspyrnu hjá ÍR. Stofnendur hópsins eru foreldrar stúlkna sem æfa knattspyrnu í yngri flokkum félagsins. Hugmyndafræðin á bak við stofnun þessa hóps er að styðja við bakið á meistaraflokksstelpunum sem eins og alkunna er, spila í sumar í Landsbankadeildinni. Eins er tilgangurinn að tengja meistaraflokkinn betur við yngri flokka félagsins þannig að það markmið þeirra yngri að spila á endanum í meistaraflokki verði áþreifanlegra.

Hópurinn hóf starfið með því að bjóða meistaraflokknum til grillveislu þar sem fögur fyrirheit stuðningsmannahópsins voru kynnt meistaraflokknum. Veislan tókst vel í alla staði enda stuð-

ningsmannahópnum allstaðar vel tekið þegar leitað var fanga til veislunnar. Þar sem eitt að markmiðum stuðningsmannahópsins er að styrkja meistaraflokkinn fjárhagslega, sem ekki veitir af, var næsta verkefni hópsins að ráðast í flösku- og dósasöfnun. Sú söfnun tókst ágætlega og naut hópurinn góðs stuðnings stúlkna úr yngri flokkunum ásamt nokkrum úr meistaraflokki við söfnunina. Ekki náðist þó að safna nema í hluta af hverfinu en þar sem komið var við voru móttökurnar góðar og oft fylgdu með dósunum hvatningarorð og óskir um gott gengi fyrir meistaraflokkinn. Gaman fyrir alla sem að söfnuninni stóðu að upplifa þann mikla stuðninginn sem er til staðar í hverfinu og viljum við í stuðningsmannahópnum nota tækifærið og þakka öllum

þeim sem lögðu okkur lið kærlega fyrir.

Ýmislegt annað er á dagskrá stuðningsmannahópsins og má þar nefna að standa á fyrir svo kölluðu Drottningarmóti í samráði við meistaraflokksráð þann 21. apríl. Um er að ræða knattspyrnumót ætlað fótboltaskvísum 25 ára og eldri sem ekki eru að spila í efstu deildum KSÍ. Ætlunin er að gera þetta að árlegu fjóröflunarmóti fyrir kvennaknattspyrnuna hjá ÍR.

Það skal að lokum tekið fram að stuðningsmannahópurinn er öllum opin, engar kvaðir um starfsframlag og á það bent að eitt af markmiðum stuðningsmannahópsins er að þetta á bara að vera gaman. Þeir sem vilja vera með geta sett sig í samband við Bjarna í s. 897 0601 eða Brynjar í s. 820 4345.

Öldungar ársins

Frjálsíþróttamenn ársins í öldungaflokkum voru krýndir 13. mars. Það voru ÍR-ingarnir Jón H. Magnússon, sem keppir í köstum í flokki 70 til 74 ára og Friða Rún Þórðardóttir sem keppir í langhlaupum í flokki 35 til 40 ára sem urðu fyrir valinu.

Jón er vel að þessum titli kom-

inn en hann stóð sig frábærlega sem enda nær á mótum sumarsins en hæst ber þó árangur hans á Evrópumeistaramótinu í Poznań í Pólandi þar sem hann sigraði bæði í kúluvarpi og sleggjukasti og varð í 3. sæti í kastþraut. Þetta er annað árið í röð sem Friða Rún er valin en hún keppti á mörgum

mótum á síðasta ári þar á meðal Heimsmeistaramóti Öldunga í Linz í Austurríki þar sem hún varð í 3. sæti í 3000 m. hlaup, í 5. sæti í 1500 m. hlaupi og 8. sæti í 800 m. hlaupi. Auk þess keppti hún með landsliði Íslands 17. árið í röð og með ÍR á fjölda móta.

Kristín Birna fékk viðurkenningu

Kristín Birna Ólafsdóttir úr ÍR hlaut viðurkenningu fyrir mestu framfarir á árinu 2006 í fjölþraut og grindahlaupum á uppskeruhátíð Frjálsíþróttasambands Íslands sem var haldin 24. janúar í Laugardalshöllinni. Þetta er mikill heiður fyrir Kristínu Birnu og óskar frjálsíþróttadeild ÍR henni innilega til hamingju.

Kristín Birna keppti á sínu fyrsta utanhússmóti í Bandaríkjunum 10. og 11. mars sl. með góðum árangri. Hún hljóp 100 m. grindahlaup á 14.21 sek. sem er sjötti besti árangur hennar en hún á best 13.98 sek. síðan í fyrra í 400 m. grindahlaupi og hljóp þá

á 60.59 sek. sem er fjórði besti árangurinn hennar. Síðan kastaði hún 35.38 m. í spjótkesti sem er bæting um 25 cm. Þetta er betri árangur en á sama móti í fyrra sem gefur góð fyrirheit um komandi mánuði.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

100 ára saga félagsins

Á aldarafmæli ÍR kom út bók sem spannar 100 ára sögu félagsins. Bók þessi er skrifuð af Ágústi Ásgeirssyni blaðamanni og ÍR-ingi.

Í bókinni er farið yfir allar þær deildir sem starfað hafa innan ÍR en eins og gefur að skilja eru kaflarnir misstórir, en það hafa deildirnar verið líka. Það hafa alls 19 deildir verið innan ÍR frá 11. mars 1907 sem segir okkur hver-su öflugt þetta félag hefur verið frá stofnun þess. Bókin er góð eign fyrir alla sem vilja fræðast um þetta gamla góða félag. Hægt er að nálgast bókina á skrifstofu í ÍR-heimilinu. Nánar verður fjallað um bókina í Breiðholtsblaðinu síðar.



Þeir yngstu kræktu í gull

ÍR-ingarnir stóðu sig frábærlega vel á meistaramóti Reykjavíkur 11 ára og yngri. Þeir yngstu og kræktu í 12 gull, 17 silfur

og 19 bronsverðlaun. Þetta er frábær árangur hjá þessu unga og upprennandi frjálsíþróttafólki.

Heimasíða ÍR er
www.irsida.is

Þar er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um æfingatíma keppnir o.fl.

Opið um páskana

Skírdag	kl. 8-16
Föstud. langi	Lokað
Laugard.	kl. 7-16
Páskadagur	Lokað
Annar í páskum	kl. 8-16



ARNARBAKKA 4-6 • SÍMI: 557 2600

ERTU HEIMAVINNANDI?



Ertu heimavinnandi og langar að komast á vinnumarkaðinn? Veitingastaðurinn American Style leitar að dugmiklum einstaklingum, sem hafa gaman af því að vinna með ungu fólki, í starf rekstrarstjóra á kvöld- og helgarvakt.

Starfssvið:

- Yfirmaður veitingastaðar á sínum vöktum
- Umsjón með mönnun vakta
- Uppgjör og frágangur

Hæfniskröfur:

- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og áreiðanleiki
- Framúrskarandi þjónustulund
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og dugnaður
- Hæfni til að vinna undir álagi

Miðað er við að umsækjendur séu 25 ára eða eldri og geti hafið störf mjög fljótlega. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar, www.radning.is og sækja þar um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk.

Vinsamlegast athugið að fyrirspurnum um starfið verður einungis svarað hjá Ráðningarþjónustunni.

Umsjón með starfinu hefur
Ingunn Guðbrandsdóttir, ingunn@radning.is.



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN



GETRAUNANÚMER

ÍR
ER
109

Ali hamborgarhryggir

30%
afsláttur
við kassann


HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:

1171^{KR.}
Merkt verð 1673^{KR.}

HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:

1516^{KR.}
Merkt verð 2166^{KR.}

Hversdags
og hátíðar!



REYKTUR/GRAFTINN LAX
KÍLÓVERÐ NÚ:

1125^{KR.}
Merkt verð 1501^{KR.}

25%
afsláttur
við kassann

Bónus býður betur!

6x 2 lítrar í kippu
og Bónus páskaegg nr. 3

898^{KR.}

McCain pítsa

98^{KR.}
359 eða 390g

KF SALAT

98^{KR.}
350g

Kauptu þér kippu af Coca-Cola
6 x2 lítra og þú færð
Bónus páskaegg 170g nr. 3
Í KAUPBÆTI!

Vinsælustu krydduðu lambalærin
í Bónus eru frá KJARNAFÆÐI

Einiberja lambalæri
KÍLÓVERÐ NÚ:

1069^{KR.}
Merkt verð 1781^{KR.}

Einiberja
lambalæri

40%
afsláttur
við kassann

Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:

1125^{KR.}
Merkt verð 1876^{KR.}

Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:

1519^{KR.}
Merkt verð 2533^{KR.}

Úrbeinað kofareykt
Bónus hangikjöt

40%
afsláttur
við kassann

BÓNUS
EKKERT BRUÐ!
6:15
520g

Nr. 5

698^{KR.}

Nr. 6

798^{KR.}

www.bonus.is